

SAMÞYKKT

um hundahald í Grundarfjarðarbæ.

1. gr.

Stjórnsýsla.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands fer með málefni hunda og hundahald í Grundarfjarðarbæ samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Bæjarstjórn fer með framkvæmd samþykktar þessarar í umboði heilbrigðisnefndar og getur ráðið sérstaka dýraeftirlitsmenn eða falið starfsmönnum sveitarfélagsins hlutverk eftirlitsaðila.

2. gr.

Leyfi til hundahalds.

Hundahald í Grundarfjarðarbæ er heimilað að fengnu leyfi og bundið þeim skilyrðum, sem nánar eru tilgreind í samþykkt þessari. Ekki er heimilt að hafa fleiri en þrjá hunda eldri en sex mánaða á sama heimili.

3. gr.

Umsóknir, skilyrði fyrir leyfi, skráning og frestir.

Allir hundar eru skráningarskyldir hjá Grundarfjarðarbæ. Umsókn um leyfi til hundahalds skal berast bæjarskrifstofu Grundarfjarðar innan mánaðar frá því að hundur/hvolpur er tekinn inn á heimili, enda hafi samþykkis skv. 7. gr. verið aflað ef við á. Heimilt er þó að halda hvolpa, sem vistaðir eru á skráningarstað móður, án skráningar þar til þeir verða sex mánaða. Útgáfa leyfis er háð greiðslu leyfisgjalds. Við útgáfu leyfis fær leyfishafi afhenta merкта plötu, sbr. 12. gr., eintak af skilmálum ábyrgðartryggingar sbr. 11. gr. og eintak af samþykkt um hundahald í Grundarfjarðarbæ.

Leyfi til hundahalds má veita að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Umsækjandi skal vera lögráða. Leyfi er persónubundið, óframseljanlegt og bundið við heimili umsækjanda, enda er það ófrávíkanlegt skilyrði að hundur sé skráður þar og haldinn. Óleyfilegt er að halda hund þar sem enginn býr.
- Að fyrir liggja samþykki sameigenda fjöleignarhúss þar sem það á við, sbr. 7. gr.
- Að hundurinn sé örmerktur, sbr. 12. gr.
- Að leyfisgjald hafi verið greitt, sbr. 13. gr.

Við mat umsóknar getur Grundarfjarðarbær leitað umsagnar lögreglu og annarra yfirvalda um umsækjanda og þá hagi hans sem þýðingu geta haft.

Hafi umsækjandi ítrekað eða gróflega gerst brotlegur við samþykkt þessa, fyrri samþykktir sama efnis, samþykktir annarra sveitarfélaga eða lög um dýravernd, er heimilt að hafna umsókn hans.

Umsækjandi á rétt á skriflegum rökstuðningi ef beiðni um leyfi til hundahalds er hafnað. Ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 gilda um andmælarétt.

Dveljist hundur tímabundið í sveitarfélaginu skal eigandi hans fá útgefið leyfi til bráðabirgða, en slíkt leyfi gildir þó ekki lengur en í þrjá mánuði. Skráning skal fara fram sem fyrst og ekki seinna en innan tveggja vikna frá því að hundur kom inn í sveitarfélagið. Um hunda sem skráðir eru með tímabundið leyfi, gilda öll ákvæði þessarar samþykktar.

4. gr.

Gögn sem þarf að framvísa við skráningu.

Eftirfarandi gögn skal leggja fram við skráningu hunds:

- Undirritaða umsókn á umsóknareyðublöðum sem nálgast má á bæjarskrifstofu Grundarfjarðar eða á heimasíðu sveitarfélagsins.
- Upplýsingar um heiti, fæðingardag, kyn, tegund, litarhátt og önnur einkenni hunds.
- Mynd af hundinum.
- Vottorð frá dýralækni um örmerkingu, sbr. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni.

5. Vottorð frá dýralækni um ormahreinsun hundsins, sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti.
6. Samþykki íbúðareigenda í fjöleignarhúsi, ef við á, samkvæmt lögum nr. 26/1994 um fjöleignarhús með síðari breytingum og ákvæði 7. gr. samþykktar þessarar.

Skilyrði fyrir útgáfu leyfisskírteinis er að gögn skv. 1. mgr. hafi verið lögð fram af hálfu umsækjanda og leyfisgjald greitt.

5. gr.

Bannaðar hundategundir.

Óheimilt er að halda hunda af eftirtöldum tegundum:

- a. Pit Bull Terrier/Staffordshire Bull Terrier.
- b. Fila Brasileiro.
- c. Toso Inu.
- d. Dogo Argentino.
- e. Blendinga af tegundum tilgreindum í liðum a-d.
- f. Blendinga af úlfum og hundum.
- g. Aðrar tegundir sem hættulegar eða óaskilegar eru að fenginni reynslu eða mati sérfróðra aðila, s.s. dýralæknis eða hundabjálfa sem viðurkenndur er af Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

6. gr.

Hundaræktun.

Til hundaræktunar telst starfsemi þar sem sex eða fleiri hundar eru haldnir til undaneldis og ætlunin er að hafa áfram til undaneldis, sbr. reglugerð nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gælu-dýra og dýrahald í atvinnuskyni. Sækja þarf um hundaræktarleyfi til Umhverfisstofnunar. Heimilt er að skrá hunda sem undaneldishunda við hundarækt og eru þeir undanþegnir eftirlitsgjöldum, sbr. 13. gr.

Dýraeftirlitsmanni eða starfsmanni sveitarfélagsins sem falið er hlutverk eftirlitsaðila er heimilt án nokkurs fyrirvara að telja fjölda hunda í hundarækt til að sannreyna fjölda undaneldishunda og hunda sem ræktaðir eru til sölu.

7. gr.

Hundar í fjöleignarhúsum, raðhúsum o.fl.

Áður en hundur er tekinn inn á heimili í fjöleignarhúsi skal afla samþykkis eigenda annarra íbúða í samræmi við ákvæði þessarar greinar sem og ákvæði laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús með síðari breytingum. Brot á því telst alvarlegt brot á samþykkt þessari og skilyrðum leyfisins og varðar sviptingu þess.

Þegar sótt er um leyfi til að halda hund í fjöleignarhúsi þar sem inngangur eða stigagangur er sameiginlegur eða um annað sameiginlegt rými er að ræða, skal umsókn fylgja skriflegt samþykki 2/3 þeirra eigenda, sem hlut eiga að máli, sbr. 33. gr. a. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Þegar hvorki er um sameiginlegan inngang né stigagang að ræða, er samþykki annarra eigenda ekki þörf fyrir hundahaldi í viðkomandi fjöleignarhúsi, sbr. 33. gr. b. laganna. Sé eigandi fjöleignarhúss, eða annar varanlegur íbúi í hans skjóli, blindur eða fatlaður á annan máta þannig að hann þurfi á sérþjálfuðum leiðsögu- eða hjálparhundi að halda er honum heimilt að halda slíkan hund án þess að samþykki annarra eigenda liggja fyrir sbr. 33. gr. d. laganna.

Ef annað er ekki tekið fram, nær samþykki skv. 1. mgr. einvörðungu til ákveðins hunds og gildir á meðan hann lifir. Heimilt er að afturkalla samþykki ef forsendur breytast verulega. Ástæður, sem réttlætt geta afturköllun, eru m.a. heilbrigðisástæður, svo sem ofnæmi, og óþægindi og ónæði, sem fer verulega fram yfir það sem telst venjulegt og eðlilegt.

Ef um er að ræða annars konar sameign en um getur í 1. mgr., eða nábyli af öðrum toga og sameigandi eða nágranni telur hundahaldið fara í bága við rétt sinn og hagsmuni, s.s. vegna ítrekaðs eða verulegs ónæðis og færi hann fram gild rök og fullnægjandi gögn því til stuðnings, getur Grundarfjarðarbær sýnað um umbeðið leyfi eða afturkallað áður veitt leyfi.

Ef íbúð í fjöleignarhúsi er leigð út skal leigusali upplýsa leigjanda um hvort hundahald er leyft í húsinu.

Samþykki eigenda annarra íbúða er óafturkallanlegt að óbreyttum forsendum en þinglýsingar er þörf til að það haldi gagnvart síðari eigendum í góðri trú.

8. gr.

Hundahald í dreifbýli.

Sækja þarf um leyfi fyrir hundahaldi í dreifbýli, sé ekki um lögbýli að ræða skv. 9. gr. Hundar í dreifbýli eru undanþegnir eftirlitsgjaldi. Þó skulu eigendur hunda greiða þann kostnað sem af lögbundnum ormahreinsunum hlýst. Sömuleiðis ber eiganda að greiða þann kostnað sem af hlýst ef hundurinn er tekinn í vörslu eða hann aflífaður, sbr. 17. gr. samþykktarinnar. Skylt er að ábyrgðartryggja hunda í dreifbýli og ber eigendum þeirra að framvísa tryggingarvottorði sé farið fram á það.

Hundar í dreifbýli mega eingöngu vera lausir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti gilda ákvæði samþykktar þessarar eftir því sem við á.

9. gr.

Hundahald á lögbýlum.

Ekki þarf að sækja um leyfi fyrir hundahaldi á lögbýlum, en skylt er að skrá hundana hjá Grundarfjarðarbæ. Hundar á lögbýlum eru undanþegnir leyfisgjaldi og eftirlitsgjaldi. Þó skulu eigendur hunda greiða þann kostnað sem af lögbundnum ormahreinsunum hlýst. Sömuleiðis ber eiganda að greiða þann kostnað sem af hlýst ef hundurinn er tekinn í vörslu eða hann aflífaður, sbr. 17. gr. samþykktarinnar. Skylt er að ábyrgðartryggja hunda á lögbýlum og ber eigendum þeirra að framvísa tryggingarvottorði sé farið fram á það.

Hundar á lögbýlum mega eingöngu vera lausir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti gilda önnur ákvæði samþykktarinnar eftir því sem við á. Um hvaða jarðir falla undir skilgreininguna lögbýli vísast til 16. mgr. 2. gr. jarðalaga nr. 81/2004.

10. gr.

Hundaskrá, tilkynningarskylda eiganda.

Grundarfjarðarbær heldur skrá um hunda í sveitarfélaginu. Skrá skal heiti, fæðingardag, kyn, tegund, litarhátt, númer örmerkis og önnur einkenni hunds. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Eiganda hunds ber að tilkynna Grundarfjarðarbæ um aðsetursskipti. Einnig skal hann tilkynna ef hundurinn drepst eða er fluttur úr lögsagnarumdæminu.

11. gr.

Ábyrgðartrygging.

Allir hundar skulu ábyrgðartryggðir. Grundarfjarðarbær semur við tryggingafélag eða félög um tryggingu leyfisskráðra hunda. Iðgjald skal innifalið í leyfisgjaldi vegna bráðabirgðaskráningar og árlegu eftirlitsgjaldi, sbr. 13. gr.

Skal ábyrgðartrygging ná til þess tjóns sem hundurinn kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum. Leyfishafi skal fá afhent afrit af skilmálum ábyrgðartryggingarinnar.

12. gr.

Ormahreinsun, örmerking og merkiplötur.

Skylt er að ormahreinsa hunda á hverju ári sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustu-hætti. Ormhreinsun fer fram árlega á vegum Grundarfjarðarbæjar og er kostnaður innifalinn í eftirlitsgjaldi. Sé ekki komið með hund í skoðun skal leggja fram vottorð frá dýralækni um ormhreinsun.

Hundur, sem sótt er um leyfi fyrir, skal örmerktur af dýralækni samkvæmt stöðlum Alþjóða staðlaráðsins, ISO 11784 eða 11785. Hundar skulu ávallt bera ól með plötu um hálsinn. Á plötuna skal greypa skráningarnúmer hunds og símanúmer eiganda hans.

13. gr.

Gjöld fyrir leyfi.

Fyrir leyfi til að halda hund skal leyfishafi greiða annars vegar leyfisgjald og hins vegar eftirlitsgjald. Við ákvörðun gjalda skal tekið mið af þeim kostnaði sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Bæjarstjórn setur gjaldskrá, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Bæjarstjórn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal ákveðið handsömunar- og vörslugjald vegna handsömunar lausagönguhunda eða hunda sem teknir eru í vörslu á vegum Grundarfjarðarbæjar vegna brota á samþykkt þessari.

Leyfisgjald greiðist einu sinni, við skráningu hunds. Eftirlitsgjald greiðist einnig við skráningu hunds, þ.e. hlutfallslega miðað við þann mánuð sem skráning fer fram og síðan árlega 1. mars með eindaga 31. mars ár hvert. Dragist greiðsla lengur en mánuð fram yfir eindaga fellur leyfið niður. Við afskráningu hunds, er eftirlitsgjald endurgreitt hlutfallslega miðað við þann mánuð sem tilkynning berst sveitarfélaginu. Leyfisgjald er ekki endurgreitt.

Vegna bráðabirgðaleyfis sbr. 6. mgr. 3. gr. skal greiða leyfisgjald.

Bæjarstjórn getur fellt niður eða ákveðið lægra gjald fyrir hunda sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa svo og fyrir hunda sem að læknisráði eru notaðir til aðstoðar blindu fólki og fötluðu. Þeir hundar eru eftir sem áður skráningarskyldir og skulu uppfylla skilyrði 3. gr.

Af undaneldishundum, sbr. 6. gr., skal ekki greiða árlegt eftirlitsgjald.

14. gr.

Helstu varúðar-, aðgæslu- og umgengniskyldur.

Eigendur og umráðamenn hunda skulu gæta þess vel að hundar þeirra valdi ekki hættu, óþægindum, óþrifnaði eða raski ró manna, svo sem með stöðugu eða ítrekuðu ýlfri eða gelti.

Eigendum og umráðamönnum hunda er ávallt skylt að fjarlægja saur eftir hunda þeirra hvort sem um þeirra eigin lóð er að ræða eða eigi, og gæta þess í hvívetna að valda ekki öðrum ónæði með slægri umhirðu, sbr. ákvæði 18. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Óheimilt er að láta hunda vera lausa, nema nytjahunda, sbr. þó 15. gr., þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns. Hundar skulu annars ávallt vera í taumi utan húss, sbr. þó 16. gr., og í umsjá manns sem hefur fullt vald yfir þeim.

Óheimilt er að tjóðra hund án eftirlits ábyrgs aðila eða skilja eftir eftirlitslausan utan húss eða á svölum eða afgirtum veröndum. Þegar hundur er tjóðraður á lóð skal lengd festarinnar við það miðuð að þeir sem réttmætt erindi eiga inn á lóðina geti óhindrað farið um hana. Taumur má ekki vera svo langur að hundur komist út fyrir lóðarmörk.

Bannað er að árásarþjálfa hunda.

Að öðru leyti skal fara að ákvæðum laga nr. 15/1994 um dýravernd og reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni, eftir því sem við á.

15. gr.

Taumskylda og sérstakar takmarkanir.

Óheimilt er að vera með hunda nema í taumi og í fylgd ábyrgs aðila á göngustígum, reiðstígum, á opnum svæðum, í almenningsgördum og á hesthúsasvæði.

Ekki má hleypa hundum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 með reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, sbr. 19. gr. reglugerðarinnar. Einnig er óheimilt að hleypa hundum á staði þar sem matvæli eru tilreidd, meðhöndluð eða geymd, sbr. reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.

Nánar er hér m.a. um að ræða:

1. Vatnsveitur, vatnsból og vatnsverndarsvæði þeirra, brunnar og sjóveitur.
2. Almennings- og útisalerni.
3. Hvers konar sorpgeymslu- og sorpförgunarstaðir.
4. Gististaðir, veitingastaðir og matsölustaðir.

5. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema með leyfi umsjónaraðila.
6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
7. Skólar, kennslustaðir, leikskóli, gæsluvöllur og sumarhúðir fyrir börn.
8. Hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðsstofur.
9. Heilbrigðisstofnanir, tannlækna- og læknaustofur, aðgerðarstofur og meðferðarstofnanir.
10. Heilsuræktar- og íþróttastöðvar. Nudd- og baðstofur. Húðflúrstofur.
11. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
12. Samkomuhús hvers konar og staðir, sem almenningur hefur aðgang að vegna afgreiðslu og þjónustu.
13. Kirkjugarður.
14. Almenn samgöngutæki, nema leigubifreiðar með samþykki bílstjóra.
15. Matjurtagarðar.
16. Hafnarsvæði samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.
17. Almennar samkomur, svo sem þrettándafagnaður, sjómannadagur, 17. júní, bæjarhátíð, brennur og/eða flugeldasýningar.

Heimilt er þó fótluðu fólki að hafa með sér hjálparhunda á gististaði, veitingastaði, í skóla, á snyrtistofur og hársnyrtistofur, heilbrigðisstofnanir, íþrótt- og baðstaði, fangelsi, samkomuhús og á almennar útisamkomur enda sé hinum fatlaða ótvíræð nauðsyn að hjálparhundi. Hundurinn skal merktur sem hjálparhundur og hinn fatlaði skal hafa leyfi fyrir honum. Heimilt er, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og samkvæmt beiðni hlutaðeigandi stofnunar að veita undanþágu til að halda hunda á heilbrigðis- og meðferðarstofnunum.

Heilbrigðisnefnd getur heimilað að farið sé með hunda inn í íþróttamannvirki vegna sýninga eða keppni.

16. gr.

Staðir þar sem hundar mega vera lausir.

Heimilt er að sleppa hundum lausum innan hundaheldra girðinga og á auðum svæðum, fjarri íbúðarbyggð, með þeim takmörkunum sem getið er um í 15. gr.

17. gr.

Lausir hundar, handsömun, geymsla, aflífun og kostnaður.

Sleppi hundur frá eiganda eða umráðamanni, skal viðkomandi tafarlaust gera ráðstafanir til að handsama hann. Hunda í lausagöngu skal færa í sérstaka hundageymslu. Sé hundur merktur eða vitneskja er um eiganda hunds, skal eiganda tilkynnt um handsömunina svo fljótt sem auðið er. Eigandi hunds skal greiða allan kostnað við handsömun og geymslu hans áður en hann er afhentur á ný. Ef hunds er ekki vitjað innan sjö sólarhringa frá handsömun er heimilt að ráðstafa honum til nýs eiganda eða selja hann fyrir áföllnum kostnaði. Að öðrum kosti skal hann aflífaður. Um aflífun hunda fer skv. 8. gr. reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni.

Hafi óskráður hundur verið handsamaður er óheimilt að afhenda hann fyrr en að lokinni skráningu, greiðslu leyfisgjalds og áfallins kostnaðar. Kostnaður við handsömun, geymslu eða aflífun hunds skal að fullu greiddur af eiganda.

18. gr.

Varasamir og hættulegir hundar.

Hafi eigandi hunds eða Grundarfjarðarbær ástæðu til að ætla að hundurinn sé varasamur eða hættulegur skal eigandi sjá til þess að hundurinn sé ávallt mýldur utan heimilis síns.

Hund sem ræðst á og/eða bitur mann, skal fjarlægja þegar í stað af eftirlitsaðila og aflífa. Um aflífun hunda fer skv. 8. gr. reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni. Óski hundaeigandi þess er eftirlitsaðila heimilt að leita álits dýralæknis eða annars sérfróðs aðila áður en ákvörðun um aflífun er tekin.

19. gr.

Dýraeftirlitsmaður.

Fyrir hönd Grundarfjarðarbæjar annast dýraeftirlitsmaður eða starfsmaður sveitarfélagsins sem falið er hlutverk eftirlitsaðila framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í Grundarfjarðarbæ. Dýraeftirlitsmaður starfar undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar við sín eftirlitsstörf. Dýraeftirlitsmaður getur leitað aðstoðar lögreglu við framkvæmd starfa sinna, ef hundur er að mati eftirlitsmanns hættulegur umhverfi sínu eða ef umráðamaður hundsins hindrar starf eftirlitsmanns samkvæmt samþykkt þessari.

20. gr.

Viðurlög.

Um valdsvið og þvingunarúrræði vísast til VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Eigendur eða umráðamenn hunda sem brjóta gegn ákvæðum samþykktar þessarar skulu sæta skriflegri áminningu og gefinn hæfilegur frestur til úrbóta. Ef eigandi eða umráðamaður hunds vanrækir skyldur sínar eða brýtur ítrekað gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum sem gilda um hundahald getur Grundarfjarðarbær bannað viðkomandi að halda hund og látið fjarlægja hundinn. Eiganda hunds er skylt að greiða kostnað sem leiðir af brotum á samþykkt þessari.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi laga, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Um málskot fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

21. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi 1. janúar 2012. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 379/2002 um hundahald í Grundarfirði.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfi til hundahalds sem veitt hafa verið fyrir gildistöku samþykktar þessarar, halda gildi sínu. Þeir sem halda fleiri hunda en þrjá við gildistöku samþykktar þessarar halda þeirri heimild á meðan viðkomandi hundar halda lífi.

Umhverfisráðuneytinu, 13. desember 2011.

F. h. r.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Íris Bjargmundsdóttir.